

enga sök á árekstri þessum. Stefnandi hafi hlotið að aka gálauslega, enda viðurkenni hann að hafa ekki veitt R. 5658 athygli, fyrr en áreksturinn varð.

Verkstjóri viðgerðarverkstæðis þess, er gerði við bifreið stefnanda eftir áreksturinn, hefur talið, að eftir skemmdum þeim að dæma, sem á bifreiðinni urðu, þá hafi áreksturinn annað hvort orðið þannig, að báðar bifreiðarnar hafi verið á hreyfingu eða stefnandi hafi sveigt til vinstri, um leið og hann ók fram hjá R. 5658. Einnig telur maður nokkur, er vann að viðgerðinni, að skemmdirnar á R. 3690 hafi helzt bent til þess, að báðar bifreiðarnar hafi verið á hreyfingu. Loks hefur stefnandi staðhæft, að strax eftir áreksturinn hafi stefndi ekki mótmælt því, að bifreið hans hafi verið á hreyfingu. Þrátt fyrir þetta þykir ekki nægilega sannað gegn eindregnum mótmælum stefnda, að bifreið hans hafi verið á hreyfingu aftur á bak, þegar áreksturinn varð. Þá er og þess að gæta, að stefnandi veitti ekki bifreið stefnda athygli, fyrr en áreksturinn varð, enda hefur hann viðurkennt, að birta hafi verið óhagstæð og villandi fyrir sig í þetta sinn.

Þegar þetta er virt, verður ekki talið sannað, að stefndi eigi nokkra sök á árekstri þessum. Verður því sýknukrafa stefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi S. Eyjólfsson, skal vera sýkn af kröfum stefndanda. Sigurðar Þorvarðssonar f. h. Verzlunarinnar „Vitinn“, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. janúar 1950.

Nr. 108/1949. **Ákærvaldið** (Eggert Claessen)

gegn

Haraldi Sigurði Guðmundssyni

(Sigurður Ólason)

og

Óla Þorbirni Haraldssyni

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar.

Dómur Hæstaréttar.

Með skýrslu ákærða Haralds Sigurðar Guðmundssonar er

í ljós leitt, að hann hagaði akstri sínum á eftir bifreiðinni R 983 eigi þannig, að hann mætti örugglega forða árekstri án þess að víkja til hliðar, er R 983 var stöðvuð. Ákærði ók með um 40 kílómetra hraða, miðað við klukkustund, fram með R 983. Þessi akstur var of hraður, eins og á stóð, þar sem útsýn ákærða var svo byrgð, að hann sá aðeins fram með hlið R 983, en eigi lengra fram á veginn. Verður því að telja ákærða eiga nokkra sök á slysinu. Háttsemi ákærða, sem nú var lýst, varðar við 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 219. gr. laga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 700 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir rétt að svipta ákærða leyfi til að stjórna bifreið 6 mánuði.

Samkvæmt sakargögnum, sem rakin eru í héraðsdómi, á ákærði Óli Þorbjörn Haraldsson meginsök á slysinu, og varðar háttarni hans við 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 6. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 219. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Vegna hins gálausu aksturs og með tilliti til fortíðar ákærða ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta hann ævilangt leyfi til að stjórna bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði ber að staðfesta. Hvor hinna ákærðu greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 700.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900.00, greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Haraldur Sigurður Guðmundsson greiði 700 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 7 daga í stað

sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákærði Óli Þorbjörn Haraldsson greiði 3500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Ákærði Haraldur Sigurður greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, kr. 700.00. Ákærði Óli Þorbjörn greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 700.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun sækjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Eggerts Claessens, kr. 900.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. apríl 1949.

Ár 1949, laugardaginn 30. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1647—48/1949: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Haraldi Sigurði Guðmundssyni og Óla Þorbirni Haraldssyni, sem tekið var til dóms þann 12. sama mánaðar.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim ákærðu, Haraldi Sigurði Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Lindargötu 63, hér í bæ, og Óla Þorbirni Haraldssyni bifreiðarstjóra, Skúlaskeiði 26 í Hafnarfirði, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Báðir eru hinir ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærði Haraldur Sigurður fæddur 9. janúar 1917 í Reykjavík, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum.

1937 10/11 Aðvörun fyrir hjólréiðar í Bankastræti.

1937 25/11 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 200 kr. sekt fyrir brot gegn 249. gr. hegningarlaganna, 17. og 21. gr. áfengislaganna og 6. gr. 2. mgr., bifreiðalaganna. Sviptur ökuskirteini í 3 mánuði.

1838 11/9 Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Óli Þorbjörn er fæddur 18. nóvember 1919 að Arnarstapa á Snæ-

fellunesi, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt eftirfarandi kærur og refsingum.

- 1935 15/10 Hafnarfj. Sátt: 5 kr. sekt fyrir bjölluleysi og ljósleysi á reið-hjólí.
- 1937 8/2 Hafnarfj. Sátt: 10 kr. sekt fyrir að brjóta götuljósker.
- 1937 13/4 Hafnarfj. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1938 8/4 Hafnarfj. Sátt: 35 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1939 10/2 Hafnarfj. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1940 18/6 Hafnarfj. Dómur aukaréttar: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn lögum nr. 51 1928.
- 1943 22/9 Hafnarfj. Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðal.
- 1944 25/4 Hafnarfj. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1945 13/7 Hafnarfj. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1946 9/5 Hafnarfj. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1947 24/1 Hafnarfj. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1947 18/8 Hafnarfj. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 12/12 Hafnarfj. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Um kl. 3.25 e. h. sunnudaginn 8. ágúst s. l. ók ákærði Haraldur Sigurður bifreiðinni R 104, sem er 5 manna fólksbifreið, austur Þingvallaveg áleiðis til Þingvalla. Er hann ók eftir Mosfellsheiði austanverðri og nálgadist gamla Þingvallavegin, sem þar sameinast nýja veginum, kveðst hann hafa ekið með um 40 km hraða miðað við klst. og haldið bifreið sinni þá á eftir bifreiðinni R 983, sem ók sömu leið, og segir hann bilið milli bifreiðar sinnar og bifreiðar þessarar hafa verið nokkuð stutt, enda hafi verið óslitin röð bifreiða á veginum á austurleið. Uppi á hrygg nokkrum, sem er á veginum á þessum slóðum, nam bifreiðin R 983 staðar alveg úti á vinstri vegarhelmingi, miðað við þá átt, sem hún ók í. Hins vegar heldur ákærði því fram, að bifreiðin R 983 hafi stöðvazt nokkuð snögglega. Segist ákærði nú ekki hafa viljað eiga á hættu að aka aftan á bifreiðina R 983, er hún nam staðar, og ætlað því að aka fram úr henni hægra megin við hana, enda hafi verið feykinóg rúm til þess á stað þeim, sem hún nam staðar á. Þegar ákærði Haraldur Sigurður var að beygja fram með bifreiðinni R 983, þar sem hún stóð kyrr, kom bifreiðin G 56, sem er 5 manna fólksbifreið, akandi á móti honum vestur veginn. Skipti það nú engum togum, að framendar bifreiðanna (R 104 og G 56) skullu saman við hliðina á bifreiðinni R 983, og varð af þessu mikill árekstur, sem miklar skemmdir hlutust af á báðum bifreiðunum. Einnig skemmdist bifreiðin R 983 nokkuð, og kveðst ákærði Haraldur hafa séð, að visu ógreinilega, að bifreiðin G 56 hafi rekizt á bifreið þessa um leið og hún mætti henni, alveg áður en hún (þ. e. G 56) rakst á bifreið hans (ákærða Haralds Sigurðar). Ákærði kveðst hafa séð nokkuð fram með bifreiðinni R 983, er hann var að aka upp á hæðina, sem áreksturinn varð á, en ekki hafi hann þá séð bifreiðina G 56, enda telur hann hana hafa stefnt beint framan á bifreiðina R 983, og því ekki komið auga á hana (þ. e. G 56), fyrr en hún

skauzt aftur með bifreiðinni R 983. Ekki kveðst ákærði Haraldur Sigurður hafa getað áttað sig á, hve hratt bifreiðin G 56 ók, er áreksturinn varð, en telur þó, að hún hafi ekið mun hraðar en bifreið hans. Rétt áður en áreksturinn varð, kveðst ákærði Haraldur Sigurður hafa hemlað bifreið sína. Hann segist yfirleitt hafa ekið með um 40 til 60 km hraða miðað við klst. á leiðinni frá Reykjavík að slysstaðnum, og kveðst hann á þessari leið hafa ekið fram úr talsvert mörgum bifreiðum. Bifreiðina R 104 segir ákærði Haraldur Sigurður vera nýja, og segir hann hemla og stýrisútbún- að hennar hafa verið í lagi. Fulla sjón kveðst ákærði hafa á báðum aug- um og ekki minnst hann neins, sem glapið hafi fyrir sér, um það leyti sem áreksturinn varð. Hann kveðst ekki að neinu leyti hafa verið illa fyrir kallaður til að aka bifreið dag þann, sem hér ræðir um.

Í bifreiðinni R 104 voru 5 farþegar, þegar árekstur þessi varð en þar af var eitt barn, sem vegna æsku hefur ekki verið kvatt sem vitni. Hinir farþegarnir hafa hins vegar verið kvaddir sem vitni, og verður þeirra nú getið og framburðir þeirra raktir nokkuð.

Vitnið Rögnvaldur Jón Axelsson járnsmiður, Vesturgötu 61, hér í bæ, sat við hlið ákærða Haralds Sigurðar, þegar áreksturinn varð. Segir það sér ekki hafa virzt bifreiðin aka neitt sérstaklega hratt á leiðinni frá Reykjavík að slysstaðnum, en minnir þó, að á þessari leið hafi bifreiðin ekið fram úr nokkrum bifreiðum. Ekki treystir vitnið sér til að gizka á um hraða bifreiðarinnar, um það leyti sem áreksturinn varð, en telur, að henni hafi verið hemlað, um það leyti sem hún ók fram úr bifreiðinni R 983, sem það telur hafa numið staðar nokkuð snögglega, áður en áreksturinn varð. Einnig hefur vitnið tekið fram, að bifreiðin R 104 hafi verið búin að aka nokkuð lengi á eftir bifreiðinni R 983, þegar áreksturinn varð, og hafi það ekki orðið vart við, að hún (R 104) hafi þá verið búin að gera neina tilraun til að aka fram úr hinni bifreiðinni (R 983). Við áreksturinn skall vitnið með ennið á dyrastaf bifreiðarinnar og meiddist nokkuð við það. Einnig hlaut það við þetta snert af heila- hristingi. Það kveðst hafa verið óvinnufært vegna meiðslanna í 2 daga, en sagðist að fullu búið að ná sér eftir meiðslin, er það var yfirheyrt þann 1. október s. l.

Vitnið Ágústa Ingibjörg Skúladóttir starfsstúlka, Vesturgötu 66, sat í aftursæti bifreiðarinnar R 104, þegar slysið vildi til. Segir það sér ekki hafa fundizt bifreiðin aka sérstaklega hratt á leiðinni frá Reykjavík að slysstaðnum, en þó hafi hún ekið fram úr nokkrum bifreiðum á þessari leið. Ekki kveðst þetta vitni heldur geta gizkað á hraða bifreiðarinnar R 104, um það leyti sem áreksturinn varð, en segir hana hafa verið búna að hægja á ferðinni, þegar slysið vildi til. Það segir, að bifreiðin, sem það var farþegi í, hafi verið búin að aka nokkra stund á eftir bifreiðinni R 983, er áreksturinn varð, og hafi hún (bifreiðin R 983) numið staðar mjög snögglega, rétt áður en áreksturinn varð. Vitnið sá bifreiðina G 56, rétt áður en áreksturinn varð, og segir það hana hafa ekið með geysihraða. Við áreksturinn brotnaði vinstri upphandleggur vitnisins. Var það óvinnu- fært vegna meiðsla sinna, frá því slysið vildi til þar til þann 1. október

s. 1., og kveðst ekki enn vera búð að ná sér eftir þau þann 2. marz s. 1.

Auk vitna þeirra, sem nú hafa verið nefnd, voru þau Ólafur Skúlason verkamaður, Vesturgötu 66, og Áslaug Einarsdóttir starfsstúlka, Vesturgötu 66 B, farþegar í bifreiðinni R 104, þegar slys þetta vildi til. Hefur vitnið Ólafur gizkað lauslega á, að nefnd bifreið hafi ekið með um 40 til 50 km hraða miðað við klst., um það leyti sem áreksturinn varð, en að öðru leyti eru framburðir þeirra Ólafs og Áslaugar svo samhljóða framburðum vitnanna, sem fyrr eru nefnd, um slysið og aðdraganda þess, að ekki þykir ástæða til að rekja þá frekar.

Í bifreiðinni R 983 voru 2 karlmenn og 2 kvenmenn, þegar slysið vildi til. Verður þeirra nú getið og drepíð á framburði þeirra varðandi slysið, svo sem ástæða þykir til. Vitnið Sigurður Haukur Lúðvíksson verzlunarmaður, Hringbraut 21, hér í bæ, ók bifreiðinni R 983, sem er 5 manna fólksbifreið, áleiðis til Þingvalla umræddan dag. Er það var að aka upp á hæðina, sem áreksturinn varð á, kveðst það hafa tekið eftir bifreið, sem ekið var á móti því á allmiklum hraða. Kveðst vitnið að visu ekki geta sagt með vissu um, hve hraði bifreiðar þessarar hafi verið mikill, en segir hann hafa verið meiri en venjulegt er að aka með á vegum úti, og segir það sér hafa fundið bifreið þessi aka „glannalega“. Einnig segir vitnið bifreið þessari hafa verið haldið á hægri vegarhelmingi sínum, miðað við stefnu til Reykjavíkur, og segir það sér hafa fundið ráðlegast af þeim sökum að stöðva bifreið sína alveg úti á vinstri vegarhelmingi sínum. Þarna, þar sem vitnið nam staðar, segir það veginn vera svo breiðan, að 3 bifreiðar geti ekið þar hver fram hjá annarri. Skipti það nú engum togum að bifreiðinni, sem á móti vitninu ók og reyndist vera bifreiðin G 56, var ekið aftur með bifreið þess, og staðhæfir það, að hún hafi rekizt á hægri framaurbretti bifreiðar þess, áður en hún rakst á bifreiðina R 104, en þann árekstur segir vitnið hafa viljað til talsvert aftur með hægri hlið bifreiðar R 983. Áður en vitnið stöðvaði bifreið sína á umræddri hæð, kveðst það hafa ekið með 40—45 km hraða, miðað við klst. Kveðst það hafa stöðvað bifreiðina hægt og sigandi, en ekki numið staðar snögglega. Kveðst það ekki hafa vitað neitt af ferðum bifreiðarinnar R 104 fyrir aftan sig, fyrr en áreksturinn varð, þótt það liti alltaf öðru hvoru í spegil fyrir ofan stýri bifreiðar sinnar. Telur vitnið því, að bifreiðin R 104 hafi ekki verið búin að aka lengi á eftir sinni bifreið, þegar áreksturinn varð.

Vitnið Jórunn Ragna Blandon Lúðvíksson, Hringbraut 21, sat í framseti bifreiðar R 983, þegar slysið vildi til. Sá það til ferða bifreiðar G 56, áður en áreksturinn varð, og hafi hún ekið mjög hratt og auk þess verið haldið á hægri vegarhelmingi. Kveðst vitnið því hafa búizt við, að bifreið þessi æki á bifreiðina, sem það var farþegi í, en alveg á síðustu stundu hafi henni þó verið sveigt til vinstri fram hjá bifreiðinni R 983 og hafi eitthvað verið dregið úr hraða hennar um leið. Það er fremur álit þessa vitnis, að bifreiðin G 56 hafi ekki rekizt á bifreiðina R 983, fyrr en hún (G 56) rakst á bifreiðina R 104. Það kveðst ekki hafa vitað af bifreiðinni R 104 fyrir aftan bifreiðina R 983, áður en áreksturinn vildi til,

og telur áreiðanlegt, að hún hafi ekki verið búin að vera þar lengi.

Vitnið Garðar Karlsson skógerðarmaður, Tjarnargötu 45, hér í bæ, var farþegi í bifreiðinni R 983, er margnefndur árekstur varð, og sat það í aftursæti bifreiðarinnar, vinstra megin. Sá það til ferða bifreiðarinnar G 56, áður en áreksturinn varð, og telur það hana þá hafa ekið með mjög miklum hraða, eða lauslega ágizkað með ekki minna en um 70 km hraða miðað við klst, og hafi bifreið þessari verið haldið alveg á hægri vegarhelmingi sínum, þar til hún hafi verið komin nærri alveg að bifreiðinni R 983, en þá hafi henni verið beygt eitthvað inn á veginn. Það er álit þessa vitnis, að bifreiðin G 56 hafi rekizt eitthvað á bifreiðina R 983, áður en hún (þ. e. G 56) rakst á bifreiðina R 104, en það segir R 983 þá hafa verið alveg stoppaða svo utarlega á vinstri vegarhelmingi sínum, að þar hefðu 3 bifreiðar getað mættzt með lagi. Vitnið segir bifreiðina R 983 hafa numið staðar hægt og sigandi, og hafi farþegarnir í henni ekki haggast við það. Ekki kveðst vitnið hafa vitað neitt um ferðir bifreiðarinnar R 104, áður en áreksturinn vildi til, og hafi hún þá ekki verið búin að gera neitt vart við sig.

Vitnið Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, frú, Tjarnargötu 45, hér í bæ, var farþegi í bifreiðinni R 983, er árekstur sá, sem hér ræðir um, varð, og sat það í aftursæti bifreiðarinnar hægra megin. Sá það bifreiðina G 56, áður en áreksturinn varð, og segir hana hafa ekið með gifurlegum hraða og hraðar en leyfilegt er og venjulegt um bifreiðar á vegum úti. Annars er framburður þessa vitnis í fullu samræmi við framburð vitnisins Garðars hér að framan um öll atriði, sem máli skipta, og þykir því ekki ástæða til að rekja hann frekar.

Við rannsókn málsins hefur ákærði Óli Þorbjörn skýrt þannig frá:

Umráddan dag kveðst hann hafa ekið til Þingvalla með farþega, en síðan snúið þar við og haldið af stað áleiðis til Reykjavíkur. Á þessari leið, skammt frá Þingvöllum, kveðst hann hafa tekið upp í bifreið sína 3 stúlkur, og verður þeirra nánar getið síðar. Ekki telur ákærði Óli Þorbjörn, að hann hafi ekið með yfir 50 km hraða miðað við klst. á leiðinni frá Þingvöllum, og um það leyti, sem áreksturinn varð, kveðst hann hafa verið búinn að minnka þenna hraða, kveðst hafa gert það, þegar hann kom auga á bifreiðina R 983, stuttu áður en áreksturinn varð. Kveðst ákærði Óli Þorbjörn þá hafa haldið bifreið sinni um það bil á miðjum veginum, en kannast ekki við, að hann hafi ekið á hægri vegarhelmingi sínum. Annars segir ákærði Óli Þorbjörn hafa verið mjög mikla umferð á Þingvallavegi þenna dag og ekki hægt þess vegna að aka hratt, og óvarlegt að aka fram úr bifreiðum. Eftir að ákærði kom auga á bifreiðina R 983, kveðst hann hafa vikið bifreið sinni út á vinstri vegarhelming sinn, og heldur hann því fram, að bifreið sín hafi alls ekki snert bifreiðina R 983, áður en aðaláreksturinn varð, heldur hafi hún (bifreiðin G 56) rekizt á bifreið þessa, um leið og áreksturinn milli bifreiðar hans og bifreiðar R 104 varð. Ekki kveðst ákærði Óli Þorbjörn hafa séð bifreiðina R 104, fyrr en hann var tekinn að mæta henni, en þá hafi bifreiðinni R 104 verið ekið út á veginn fast út undan afturenda bifreiðarinnar R 983.

Segir hann sér þá ekki hafa fundið hann aka hraðar en svo, að hann gæti numið staðar, áður en hann mætti bifreiðinni R 104, enda hafi hann þá verið búinn að draga mikið (um það bil um helming) úr hraða bifreiðar sinnar, en ekki hafi þó þetta tekizt til fulls, og hafi bifreiðarnar G 56 og R 104 síðan skolið saman, og hafi orðið af þessu mikill árekstur. Ekki telur ákærði Óli Þorbjörn veginn á slysstaðnum hafa verið svo breiðan, að unnt hafi verið fyrir bifreiðarnar R 104 og G 56 að mætast þar klaklaust, þótt bifreiðin R 983 stæði þar kyrr alveg úti á vinstri vegarhelmingi sínum, enda telur hann, að hvorki sér né stjórnanda bifreiðar R 104 (ákærða Haraldi Sigurði) hafi gefizt neitt ráðrúm til að gera ráðstafanir til að mætast þarna, þar eð þeir hafi komið auga hvor á annan með svo stuttum fyrirvara.

Ákærði Óli Þorbjörn kveðst vera vanur að aka bifreið, og hafi hann gert það að staðaldri síðan árið 1943. Fulla sjón kveðst hann hafa á báðum augum, og ekki segir hann neitt sérstakt hafa glapið fyrir sér við aksturinn, um það leyti sem áreksturinn varð. Hann kveðst ekki að neinu leyti hafa verið illa fyrir kallaður til að aka bifreið umræddan dag, og ekki hafi hann þá neytt áfengis nýlega.

Eins og áður er getið, voru 3 stúlkur farþegar í bifreiðinni G 56, þegar margnefndur árekstur varð. Verður þeirra nú getið og drepíð á framburði þeirra.

Vitnið Rannveig María Garðars skrifstofustúlka, Vesturgötu 19, sat í aftursæti bifreiðarinnar G 56, þegar áreksturinn varð. Segir hún sér ekki hafa fundið ákærði Óli Þorbjörn aka sérlega hratt á leiðinni frá Þingvöllum að árekstrarstaðnum, og ekki kveðst það minnst þess, að hann hafi ekið fram úr bifreiðum á þessari leið, enda hafi fáar bifreiðar verið á vesturleið á þessum tíma dags. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir öðru en að ákærði Óli Þorbjörn héldi bifreið sinni á vinstri vegarhelmingi, og gerir það ráð fyrir, að hann hafi hægt á ferðinni, áður en áreksturinn varð, en kveðst þó ekki minnst þess sérstaklega. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort bifreiðin, sem það var í, rakst á bifreiðina R 983 um leið og hún ók fram hjá henni, en þá hafi bifreið (R 104) allt í einu beygt út undan afturenda bifreiðar R 983 þvert inn á veginn í veg fyrir bifreiðina, sem það var farþegi í, og hafi þá árekstur verið óumflýjanlegur.

Vitnið Hjördís Braga Sigurðardóttir verzlunarmær, Skálholtsstíg 7, sat í aftursæti bifreiðarinnar G 56, þegar umræddur árekstur varð. Segir það bifreið þessari hafa verið ekið fremur hratt alla leiðina frá Þingvöllum að slysstaðnum. Ekki kveðst vitnið geta gert sér grein fyrir, með hve miklum hraða bifreiðin G 56 ók, um það leyti sem áreksturinn varð, en segir þá hafa verið búíð að draga úr ferðinni. Alveg segist það vera visst um, að bifreiðinni G 56 hafi ekki verið haldið á hægri vegarhelmingi sínum, rétt áður en áreksturinn varð, og ekki telur það, að bifreiðin G 56 hafi rekizt á bifreiðina R 983, áður en áreksturinn varð milli hennar (G 56) og R 104. Vitnið segir bifreiðinni R 104 hafa verið beygt þvert inn á veginn, þegar bifreiðin G 56 var að aka aftur með bifreiðinni R 983, og hafi árekstur verið óumflýjanlegur eftir það. Við áreksturinn meiddist

vitnið á baki og lítils háttar á fæti, en kveðst ekki hafa orðið óvinnufært vegna þessara meiðsla og sagðist að fullu vera búið að ná sér eftir þau, þegar það var yfirheyrt þann 6. október s. l.

Vitnið Vigdís Jónsdóttir skrifstofustúlka, Ránargötu 22, hér í bæ, sat í framsæti bifreiðarinnar G 56, þegar margnefndur árekstur varð. Segir það sér hafa fundizt bifreiðin, sem það var farþegi í, aka fremur greitt á leiðinni frá Þingvöllum að slysstaðnum, en þó ekki gífurlega hratt. Vitnið segir bifreiðina heldur hafa hægt á ferðinni, er hún var að aka upp hallann að slysstaðnum, en uppi á hæð þessari sá það bifreiðina R 983 koma á móti bifreiðinni, sem það var farþegi í, og segir það henni (R 983) hafa verið haldið vel á vinstri vegarhelmingi sínum. Ekki kveðst vitnið geta sagt um með vissu, hvar á veginum bifreiðinni G 56 var haldið, rétt áður en áreksturinn varð, en telur þó, að ekki hafi henni a. m. k. verið haldið alveg á röngum vegarhelmingi. Vitnið kveðst ekki hafa séð bifreiðina R 104, fyrr en augnabliki áður en áreksturinn varð, og getur það því ekki sagt um ökuhraða þeirrar bifreiðar. Það er álit þess, að bifreiðin G 56 hafi ekki rekizt á bifreiðina R 983, áður en hún (G 56) rakst á bifreiðina R 104. Við áreksturinn hlaut vitnið allmikil meiðsli, sem Úlfur Gunnarsson læknir hefur lýst þannig í vottorði, útgefnu þann 28. október s. l.

„Vigdís Jónsdóttir, fædd 22/2 1927, Ránargötu 22, Rvík, meiddist þ. 8. ágúst þ. á. í bílslysi. Rétt h. megin við munninn var djúpur ca 2 cm langur skurður og á v. hné ca 3 cm langur skurður, sem einnig var mjög djúpur. Þar að auki voru stórir marblettir (hæmatomata) víðsvegar, sérstaklega á h. læri, h. upphandlegg, brjósti og á v. fæti, samf. talsv. eymsli. Sárin voru saumuð saman í staðeyfingu og sjúkl. ráðlagt að liggja. Sjúkl. var rúmliggjandi í 2 vikur, var óvinnufær í 3 vikur. Sárin eru nú gróin, en á v. hné er talsv. áberandi ör.“

Þegar vitnið var yfirheyrt þann 2. marz s. l., kvaðst það ekki enn vera að fullu búið að ná sér aftur eftir hnémeiðslin, en vera þó búið að jafna sig eftir hin meiðslin, sem það hlaut í slysi þessu.

Kvaddir hafa verið sem vitni í máli þessu þeir Guðmundur Einarsson frá Miðdal myndhöggvari, Skólavörðustíg 43, og Guðni Erlendur Sigurjónsson bifreiðarstjóri, Laugaveg 68, en bæði urðu þessi vitni vör við ferðir bifreiðarinnar G 56 þenna dag, vitnið Guðmundur frá Miðdal á vesturleið, en vitnið Guðni Erlendur á austurleið. Var vitnið Guðmundur frá Miðdal stadd í bifreið fyrir neðan brekkuna, sem liggur upp Almagnagjá, á vesturleið kl. 3—4 umræddan dag. Segir það þá bifreiðina G 56, sem einnig var á vesturleið, hafa ekið fram úr bifreið þess. Vitnið segir bifreið þessa hafa ekið mjög hratt og glæfralega, og hafi það veitt akstri hennar sérstaka athygli vegna ógætlegs aksturs hennar. Eftir 15 til 20 mínútur, að því er vitnið gizkar lauslega á, kveðst það hafa verið komið á slysstaðinn, en þangað hafi það ekið með um 30 til 35 mílna hraða frá stað þeim, sem bifreiðin G 56 ók fram úr því á, og hafi áreksturinn verið um garð genginn fyrir nokkru, er það kom á staðinn.

Vitnið Guðni Erlendur var á leið til Þingvalla í bifreið sinni laust eftir hádegi umræddan dag. Ók bifreiðin G 56 þá fram úr bifreið þess, senni-

lega efst í Mosfellsdal, og sá það, að hún ók fram úr röð bifreiða, sem voru á austurleið, eftir að hún ók fram úr bifreið þess og hvarf síðan í rykmekki. Kveðst vitnið minnast þess sérstaklega, að því fannst akstur þessi hinn ógætilegasti, og talaði það um það við farþega í bifreið sinni, að mikið mætti vera, ef bifreið þessi kæmist heil til bæjarins aftur.

Kvaddur hefur loks verið sem vitni Eymundur Austmann Friðlaugsson, Drápuhlið 38, en það er verkstjóri á réttingaverkstæði Ræsis h/f, hér í bæ. Var bifreiðin R 983 til viðgerðar á nefndu verkstæði eftir umræddan árekstur og segir vitnið framaurbretti bifreiðar þessarar hafa verið dældað og kýtt inn bæði fyrir framan og aftan hægra framhjól. Af skemmdunum á aurbretti þessu segir vitnið helzt hafa mátt ráða, að vari (stuðari) annarrar bifreiðar hafi rekizt á það framan frá og strokizt aftur með því og kýtt það aftur, aðallega fyrir aftan hægra framhjól allt aftur á hægri framhurð. Segir vitnið, að líkur hafi bent til, að höggið, sem skemmdi brettið, hafi komið framan frá, en ekki frá hlið.

Um ½ klst. eftir að áreksturinn varð, komu þeir lögreglumennirnir Sverrir Guðmundsson og Geir Jón Helgason á staðinn. Fór síðan Geir Jón með hina slösuðu farþega til Reykjavíkur og kom þeim undir lækni-shendi, en Sverrir Guðmundsson tók að vinna að því að koma bifreiðunum, sem hlut áttu að árekstrinum, burt af veginum, með því að þær lokuðu honum (veginum) alveg, en umferð um hann um þessar mundir var mikil. Af þessum sökum gerðu lögreglumennirnir ekki uppdrátt af árekstrarstaðnum né gerðu þar neinar mælingar. Engin hemlaför eða önnur verksummerki, sem bentu til þess, með hvaða hætti áreksturinn vildi til, sáu þeir lögreglumennirnir á slysstaðnum.

Þann 21. september s. l. fór Axel Helgason rannsóknarlögreglumaður á slysstaðinn, gerði þar mælingar og tók af honum ljósmyndir. Samkvæmt uppdrætti, sem hann gerði síðan af slysstaðnum og nágrenni hans, er vegurinn um 5 til 6 metra breiður beggja megin við staðinn, en uppi á hæðinni, þar sem áreksturinn varð, liggur afleggjari til norðurs út af aðalveginum og breikkar hann veginn þar á nokkurra metra svæði. Vestan við hæðina, sem áreksturinn varð á, liggur vegurinn sem næst beint í austur, en uppi á háhæðinni beygir hann nokkuð til norðurs og heldur þeirri stefnu alllangan spöl.

Samkvæmt atvikalýsingunni hér að framan telst sannað, að báðir hinir ákærðu hafi hvor á sinn hátt átt sök á margnefndum árekstri með ógætilegum akstri sínum.

Telst sök ákærða Haralds Sigurðar felast í því, að hann ekur of hratt, miðað við hraða bifreiðarinnar R 983, sem ók á undan honum. Bar ákærða Haraldí Sigurði að gæta þess, að hann gæti undir öllum kringumstæðum stöðvað bifreið sína fyrir aftan bifreiðina R 983, ef sú bifreið næmi staðar, og undir engum kringumstæðum mátti hann aka fram með þessari bifreið, þar sem hann hafði engin tök á að sjá, hvort vegurinn fram undan væri auður og óhindraður.

Með eftir atvikum of hröðum og ógætilegum akstri sínum telst ákærði

Haraldur Sigurður því hafa gerzt brotlegur við 1. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24. 16. júní 1941. Einnig telst ákærði Haraldur Sigurður hafa brotið 219. sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, með því að verða meðvaldur að verulegum meiðslum á mönnum með ógætilegum akstri sínum. Þykir refsing hans samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðalaganna og 14. gr. umferðarlaganna og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða Harald Sigurð leyfi til að aka bifreið í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Með framburðum vitnanna Sigurðar Hauks Lúðvíkssonar, Jórunnar Rögnu Blandon Lúðvíksson, Hrafnhildar Þorbergsdóttur, Garðars Karlssonar og Ingibjargar Skúladóttur, verður að telja nægilega sannað, að ákærði Óli Þorbjörn hafi bæði ekið of hratt og auk þess ekki haldið bifreið sinni nægilega á vinstri vegarhelmingi sínum, um það leyti sem hann mætti bifreiðinni R 983. Einnig benda framburðir vitnanna Guðmundar frá Miðdal Einarssonar og Guðna Erlends Sigurjónssonar til þess, að ákærði Óli Þorbjörn hafi ekið of hratt og ógætilega í þessu ferðalagi yfirleitt, og framburður vitnisins Eymundar Austmanns Friðlaugssonar til þess, að ákærði Óli Þorbjörn hafi haldið bifreið sinni á röngum vegarhelmingi, um það leyti, sem hann mætti bifreiðinni R 983, því að enginn ágreiningur virðist ríkja um, að sú bifreið hafi staðið á vinstri vegarjaðri sínum, þegar áreksturinn varð. Verður að telja slíkan akstur Óla Þorbjarnar sérstaklega hættulegan, þegar þess er gætt, að hann gat ekki séð, hvort bifreið eða annað farartæki ók á móti honum, er hann ók upp á hæð, slíka sem áreksturinn varð á, en veit eða á a. m. k. að vera kunnugt um, að umferð var mikil um veginn og stefndi yfirleitt í gagnstæða átt við þá, sem ákærði Óli Þorbjörn ók í.

Með framangreindum akstri sínum telst ákærði Óli Þorbjörn hafa brotið 1. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna og 2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 6. gr. umferðarlaganna. Einnig telst hann hafa gerzt brotlegur við 219. sbr. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga með því að gerast meðvaldur að slysi, sem veruleg meiðsli hlutust af, með gálausum akstri.

Þykir refsing hans samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðalaganna og 14. gr. umferðarlaganna og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða Óla Þorbjörn leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum kr. 450.00 í málsvarnarlaun, ákærði Haraldur Sigurður Áka Jakobssyni hdl., en ákærði

Óli Þorbjörn Guðjóni Hólm Sigvaldasyni hdl., en allan annan sakarkostnað greiði þeir in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð :

Ákærði Haraldur Sigurður Guðmundsson greiði 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Óli Þorbjörn Haraldsson greiði 2500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum kr. 450.00 í málsvarnarlaun, ákærði Haraldur Sigurður Áka Jakobssyni hdl., en ákærður Óli Þorbjörn Guðjóni Hólm Sigvaldasyni hdl.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. janúar 1950.

Nr. 52/1949. **Trans-Ocean, vöru og skipamiðlun h/f**

(Magnús Thorlacius)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason).

Fébotamál á hendur ríkissjóði út af dómaraverki höfðað fyrir Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem höfðað hefur mál þetta fyrir Hæstarétti með stefnu 22. febr. 1949, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1092.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. maí 1948 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður og